

Aðalfundur

Veiðifélagið Flóki

kt.530493-2379

Dags.: 30. október 2021

Tími: 17:00

Staður: Ketilás

Mættir fyrir hönd lögbýla:

Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka í Skagafirði

Samkvæmt ÚRSKURÐI frá 2. febrúar 2015

Arðskrá	Eingar	Hlutur	Aðalfundur 30.10.2021
Ysti-Mór	1672	16.7%	Jón Eðvald Friðriksson
Mið-Mór	410	4.1%	Guðmundur Óli Pálsson
Syðsti-Mór	407	4.1%	
Sjöundarstaðir	344	3.4%	
Steinhóll	139	1.4%	Sverrir Júlíusson
Vestari-Hóll	162	1.6%	
Sigríðarstaðir	752	7.5%	
Nes	113	1.1%	
Neskot	281	2.8%	
			Anna Guðrún þórðardóttir
Illugastaðir	454	4.5%	
Krakavellir	339	3.4%	
Steinavellir	148	1.5%	
Helgustaðir	264	2.6%	
Austari-Hóll	744	7.4%	
Teigar	103	1.0%	
Stóru-Reykir	304	3.0%	
Minni-Reykir	261	2.6%	
Barð	275	2.8%	Ólafur Helgi Marteinsson
Akrar	562	5.6%	
Langhús	849	8.5%	Þorlákur Sigurbjörnsson
Efra-Haganes 1	419	4.2%	Páll Marvin Jónsson
Efra-Haganes 2	559	5.6%	Dagbjört Sigurbergsdóttir
Brautarholt	139	1.4%	
Sveitarfélagið Skagafjörður	300	3.0%	
	10000	100%	
Mætt fyrir 8 lögbýli		47.8%	einingar

Aðrir mættir og ekki með atkvæðisrétt: Ólafur Jónsson, Eva Sigurbjörg Káradóttir

Ólafur Jónsson sitjandi formaður bauð fólk velkomið, setti fundinn og lagði fram tillögu að starfsmönnum fundarins. Ólafur Marteinsson var kosinn fundarstjóri og fundarritari Eva S. Káradóttir.

8/10

1. Mál. Skýrsla stjórnar

Ólafur Jónsson fór með skýrslu stjórnar fyrir síðustu 2 ár en vegna Covid-19 þurfti að fresta aðalfundi síðasta árs (2020) og ekki gafst tækifæri á að halda fundinn. Skýrsla og ársreikningur vegna 2019 var sendur til félagsmannna í tölvupósti.

Samþykkt var því að fráfarandi formaður flytti skýrslu stjórnar fyrir bæði árin ásamt ársreikningi og að ársreikningar yrðu bornir upp til samþykktar í sitthvoru lagi að því loknu. Eftir vasklegan flutning og yfirferð ársins 2019 og 2020 hjá Ólafi Jónssyni bar fundarstjóri upp skýrslu stjórnar fyrir bæði árin voru þær samþykktar af öllum greiddum atkvæðum.

2. Mál. Ársreikningar 2019 og 2020.

Ólafur Jónsson fór jafnframt yfir ársreikninga og voru þeir bornir upp til afgreiðslu í sitthvoru lagi fyrir árið 2019 og 2020. Báðir reikningar voru samþykktir samhljóma.

3. Mál. Kosning stjórnar

Fram kom í máli fráfarandi formanns að núverandi stjórnarmenn gefi ekki kost á sér. Fyrir fundinn liggur hinsvegar tillaga að nýjum mönum í stjórn sem allir gefa kost á sér. Fundarstjóri kallaði eftir fleiri tillögum eða framboðum til stjórnarsetu en þær bárust ekki.

Tillaga að nýrri stjórn er hljóðar svo að Ólafur Marteinsson verði kosinn til þriggja ára, Kristófer Orri Hlynsson, til tveggja ára og Páll Marvin Jónsson til eins árs. Þetta fyrirkomulag tryggir að sú staða komi ekki upp að öll stjórnin hætti í einu.

Tillaga að stjórnarmönum var samþykkt samhljóma og með lófataki

Ný stjórn mun því skipa Ólafur Marteinsson, Kristófer Orri Hlynsson og Páll Marvin Jónsson og stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

Tillaga að varastjórn var einnig borin upp og hún samþykkt samhljóma. Kosin í varastjórn eru þau Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Þórir Jón Ásmundsson og Erla Lúðvíksdóttir

4. Mál. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fyrir fundinum lág tillaga um Guðmund Óla Pálsson og Rúnar Marteinsson ásamt Dagbjörtru Sigurbergssdóttir til vara. Tillagan var samþykkt samhljóma og með lófataki.

5. Mál. Breytingar á samþykktum

Samkvæmt lögum félagsins þurfa handhafar eða fulltrúar þeirra 2/3 hluta eininga til þess að hægt sé að gera breytingar á samþykktum félagsins. Ef aukinn meirihluti handhafa næst ekki á fundinn þá er heimild til þess að boða aftur til fundar og dugar þá einfaldur meirihluti greiddra atkvæða. Breytingartillagan sem hér um ræðir var borin upp á síðasta fundi en þar sem að ekki mætti nægjanlegur fjöldi handhafa er tillagan hér borin upp að nýju og dugar þá samkvæmt reglum félagsins einfaldur meirihluti atkvæða.

Tillaga stjórnar snýr að 11. grein samþykktu sem hljóðar svo: „*Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.*“

Tillagan fundarins gerir tillögu um að heimild verði að draga frá útagðann kostnaði af arði við boðun funda í féluginu. Grein 11 hljóði því svo eftir breytingu:

„Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutfjöllum og þeir taka arð. Úttagður kostnaður við boðun funda í félaginu verður dreginn frá arði viðkomandi jarðeiganda.“

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða

Fráfarandi formaður gerði grein fyrir ástæðu breytinganna en eigendum jarða er að fylgja mikið og erfingjar orðnir svo margir að erfitt er að halda utan um fjöldann. Viljum draga kostnað við boðun funda frá arði.

6. Mál. Önnur mál

Ólafur Jónsson gerði stuttlegra grein fyrir stöðunni og fór yfir árið í tölu. Nefndi hann áhyggjur leigutaka af hnúðlöxum en í ár eru komnir 9 á land, engir í fyrra. Leigutakinn hefur staðið sig nokkuð vel í að selja veiðileyfi og hefur verið duglegur að fá umfjöllun um svæðið. Teknir voru upp Bændadagar á efta og neðra svæði sem hefur verið að gefast vel fyrir sveitunga og í fyrra kom leigu takinn og grillaði fyrir bændur.


Ábúandi á Austari-Hól kvartaði undan ágangi veiðimanna og vildi að veiðifélagið kæmi að kostnaði við að laga veginn var því hafnað af stjórn veiðifélagsins. Kom ósk frá landeigendum í Haganessvík um sandóslinn, vilja að veiðifélagið grafi ósinn út. Fráfarandi stjórn hefur metið það þannig að það sé ekki hlutverk veiðifélagsins að grafa út ósinn til að verja varp eða fasteignir og var þessarí beiðni hafnað. Fráfarandi stjórn hrósaði Núma Jónssyni fyrir að standa sig vel í gæslu á svæðinu en hann væri sýnilegur og léti veiðimenn vita af sér.

Fundarstjóri þakkað fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf á undanförnum árum ásamt starfsmönnum fundarins.

Fundi slitið klukkan 18:10

Fljótum, 30. október 2021


Ólafur Marteinsson, fundarstjóri


Eva S. Káradóttir, ritari fundaritari


Páll Marvin Jónsson